

# Byrjendalæsi

SKÓLAÞRÓUNARSVIÐ KENNARAEILDAR HA

1.tbl., 2. árg. Áb. Trausti Þorsteinsson

28. janúar 2008

## Ritun - Að semja sögu með nemendum



Sigrún Ásmundsdóttir að vinna með nemendum sínum.

Á ferðum mínum úti í skólunum hef ég séð kennara vinna á faglegan og skemmtilegan hátt að sameiginlegri sögugerð með nemendum. Eftir að hafa hlustað á sögu, rætt efni hennar og orðaforða við kennara og félagar eru nemendur venjulega tilbúnir að leggja sitt af mörkum við sögugerð með kennara. Hægt er að fara ýmsar leiðir um val á ritunarefni, til dæmis að gera sögu í svipuðum dúr og saga vikunnar, nota sömu persónur en láta þær fást við aðra hluti, semja nýjan endi á söguna eða stíga alveg út fyrir

hana og skrifa um eitthvað sem hefur ákveðin tengsl við efni sögunnar og allir nemendur hafa reynslu af. Sameiginleg reynsla nemenda er nýtt og til verður merkingabær texti sem nemendur hafa eignarhald á, geta lesið og unnið með á ýmsan hátt. Vinna af þessu tagi stuðlar að auknum orðaforða og skilningi á tengslum þess að hugsa, tala, skrifa og lesa. Kennari skrifar og stýrir vinnunni en nemendur koma með hugmyndir um framvindu sögunnar. Kennari hugsar upphátt, spyr spurninga og hvetur til umræðna. Til dæmis með því að bjóða nemendum að bera saman og velja milli ólíkra upphafssetninga og atburða, og hvetur til notkunar á orðum og hugtökum sem verið er að vinna sérstaklega með hverju sinni. Nemendur fá tækifæri til að semja texta sem venjulega er fyrir ofan þeirra eigin getu að skrifa en hafa frelsi til að tjá sig og semja. Gefur nemendum reynslu sem nýtist þeim vel við eigin sögugerð.

## Frá ritstjórn

Hér fáid þið í hendur annað eintak vefritsins *Byrjendalæsi*. Í blaðinu er að finna efni sem ráðgjafar hafa aflað á ferðum sínum út í skólana eða fengið sent frá kennurum. Einnig er að finna umfjöllun um lestur og ritun. Þess er áfram vænst að kennarar nýti sér þennan vettvang til að deila með öðrum góðum hugmyndum og vel heppnuðum verkefnum. Kennurum og leiðtogum er þakkað aðsent efni og þeir áfram hvattir til að senda inn efni á netfönging jennyg@unak.is eða rosa@unak.is.

Byrjendalæsisblaðið er sent í tölvupósti til þeirra sem vinna eftir aðferðum Byrjendalæsis í 1. – 4. bekk og eru í samskiptum við skólaþróunarsvið HA. Umsjón með efni hafa Jenný Gunnbjörnsdóttir og Rósa Eggertsdóttir.

## Á döfinni

Næsti hópfundur kennara á Akureyri verður fimmtudaginn 31. janúar kl. 14.00 í Lundarskóla.

Skimunarprófið *Læsi 2* lagt fyrir 1. og 2. bekk 7–15 febrúar. Úrlausnum skóla á Akureyri þarf að skila til Rósu og Jennýjar. Úrlausnum úr skólum á Reykjanesi, Suðurlandi og Vesturlandi þarf að skila til leiðtoga. Síðasti skiladagur er 28. febrúar.


## Efni í blaðinu:

FRÁ RITSTJÓRN	1
RITUN- AÐ SEMJA SÖGU	1
Á DÖFINNI	1
LÆSISPRÓF	1
TÆKNILEG VINNA	2
FRÁ KENNURUM	2
ACTIONARY	3
SÖGUKORT	3
GULLKORN	3

## Læsispróf - að lesa úr niðurstöðum

Nú er yfirferð úr 1. læsisprófinu lokið og hafa skólar fengið sendar upplýsingar um árangur. Gefst kennurum hvers skóla fyrir sig tækifæri til að bera eigin árangur saman við árangur annarra skóla og meðaltalsárangur allra skólanna. Mikilvægt er að nýta vel þær upplýsingar sem prófið gefur og bregðast með skilvirkum hætti við þörfum þeirra nemenda sem ekki ná viðunandi árangri.

## Kennsla, nám og árangur





## Byrjendalæsi

### Tæknileg vinna og skilningur



Eftir að vinna á fyrsta þrepi byrjendalæsis er lokið (upplestur og umræður) tekur við tæknileg vinna. Hún snýst meðal annars um vinna með stafi og hljóð, hljóðvitund, stafagerð, ritun orða og annað sem læra þarf. Unnið er út frá lykilorði og orðaforða textans hverju sinni. Lykilorðið er notað sem stökkpallur í vinnu með þá þætti sem leggja á sérataka áherslu á í kennslunni hverju sinni, hvort sem það eru einstakir stafir og hljóð eða unnið er með samsett orð, mun á b og d, stóran og lítinn staf eða annað sem fyrir valinu er hverju sinni. Lagt er upp með fjölbreytt

verkefni og mikið lagt upp úr samvinnu nemenda og að mæta einstaklingsþörfum.

Í verkefnum þar sem unnið er með orð úr texta er mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir að orðin sem þau eru að vinna með komi úr textanum sem til umfjöllunar hefur verið. Um leið og nemendur spila t.d. bingó, gefa og taka eða annað tengja þau orðin við söguna og ætti það að styðja við tileinkun nýs orðaforða jafnframt því að vinnan við spilið eykur færni í endurbekkingu orða.

Kennarar fara ýmsar leiðir við að tryggja þessi tengsl milli

orða og heildartexta. Má hugsa sér umræður og skoðun á orðunum á töflu áður en sjálfstæð vinna nemenda með þau hefst.

Einnig má hugsa sér nokkurs konar vísbendingaleik áður en sjálfstæð vinna með orðin hefst. Nemendur eru með bingóspjöld fyrir framan sig. Kennari kemur með vísbendingar um orð og nemendur finna út við hvaða orð er átt. K: Hvað var það sem Jói fékk þegar hann seldi kúna? Það byrjar á k. Nemendur svara, kind. K: leggið yfir það orð á spjöldunum. Síðan spila nemendur sjálfstætt.



Sýnishorn af tæknivinnu frá Ernunum í Hveragerði

## Frá kennurum

Hugmynd komin frá kennurum í Síðuskóla. Ef lestrarnámið gengur ekki sem skyldi hjá einhverju barni sakar ekki að lauma þeirri hugmynd að foreldrum þess að festa stafaspjöld á vegg í svefnherberfi barnsins. Þegar búið er að slökkva ljósinn fyrir svefn að kvöldi er barnið vopnað vasaljósi og á að finna einhverja ákveðna stafi. Hefur víst virkað stórvel.



### Stafabretti úr Hveragerði



Á stafabrettinu eru lítil spjöld með hverjum staf, öðru megin stór stafur og hinum megin lítill stafur. Stafabrettið stendur uppá rönd og stöfunum er raðað beggja megin, þannig að fleiri nemendur geta unnið við það hverju sinni.

Stafabrettinu fylgir trélistar þar sem stöfunum er raðað á og mynduð orð eða setningar.

Spjaldið er hægt að nota á margvíslegan máta. Í byrjendalæsinu höfum við látið þau búa til setningar úr sögunum. Þá fá þau mynd með setningu og gera eins á trélistann síðan skrifa þau setninguna inn í stílabók. En auðvitað vinnur hver kennari eins og honum sýnist hverju sinni. Möguleikarnir eru óþrjótandi.

Hönnuður: Ellen Halldórsdóttir

## Actionary—látbragðsleikur á Akranesi



### Actionary / látbragðsleikur

Berta og samstarfsfélagar hennar á Akranesi hafa góða reynslu af látbragðsleik í vinnunni með Byrjendalæsið. Hér kemur lýsing frá henni:

Valin orð úr textanum og sett á spjöld, eitt orð á hvert spjald.

4-5 nemendur saman í hóp.

Nemendur skiptast á að draga spjald og leika fyrir hina það sem stendur á spjaldinu og hinir gíska.

Möguleiki að hafa stigagjöf.

Góða skemmtun

### Gullkorn


Í árangursríkum skólum má tengja góða frammi-stöðu barna í lestri þremur áhrifaþáttum:

Skólastarfinu í heild, kennaranum og aðferðum/gögnum. Stærsti áhrifaþátturinn er kennarinn.

SKO TIL: ÞIÐ ERUÐ AÐALATRÍÐIÐ!!

### Sögukort

Sögukort getur verið gagnlegt þegar unnið er að sögugerð með nemendum. Gott hjálpartæki þegar verið er að greina söguna, ræða um framvindu hennar, umhverfi og persónur. Mikilvægt er að kennari hafi synikennslu á því hvernig gott er að bera sig að við slíka sögugerð áður en ætlast er til þess að nemendur leysi verkið af hendi. Þegar sagan er komin á blað er upplagt að nota hana til stuðnings við munnlega endursögn. Svona kort er líka góður stuðningur ef nemendur skrifa svo söguna í samfelldum texta, einir eða í samvinnu við félag. Hér er sögukort um Hans og Grétu eftir 7 ára dreng.



Efni: Jenný Gunnbjörnsdóttir

